

Fundargerð aðalfundar foreldrafélags Víkurskóla

Staður og tími: Víkurskóli, 2. október 2025 kl. 20:00

Fundarstjóri: Margrét Lilja Sigurgeirsdóttir

Ritari: Kolbrún Magga Matthíasdóttir

Mættir úr stjórn:

- Ásta Alda Árnadóttir (meðstjórnandi)
- Kolbrún Magga Matthíasdóttir (gjaldkeri)
- Margrét Lilja Sigurgeirsdóttir (ritari)
- Harpa Elín Haraldsdóttir (formaður) boðaði forföll
- Sólveig Sigríður Bragadóttir Gunnarsdóttir (meðstjórnandi)

Aðrir mættir: 4 foreldrar

Dagskrá og niðurstöður

1. Skýrsla stjórnar

Ritari kynnti skýrslu stjórnar.

2. Ársreikningur

Gjaldkeri kynnti reikninga og voru þeir samþykktir.

3. Kosning í stjórn, fulltrúa í skólaráð, áheyrnarfulltrúa í FFMR og skoðunarmenn reikninga

Ásta Alda og Sólveig Sigríður óska eftir að hætta í stjórn, Harpa Elín, Margrét Lilja og Kolbrún Magga eru tilbúnar að starfa áfram ef þörf er á. Kosning um tvo stjórnarmenn, Guðrún Árnadóttir og Ólöf Lilja Steinþórsdóttir bjóða sig fram. Samþykkt samhljóða. Varamenn eru áfram Þorbjörg Kristjánsdóttir og Kristína Hajniková.

Kosning fulltrúa í skólaráð

Bergný Ösp og Sveinn Sigursson kosin áfram. Beata Rutkowska kosin áfram varamaður.

Kosning áheyrnarfulltrúa í fjölskyldu-, frístunda- og menningarráð

Harpa Elín býður sig fram aftur – samþykkt. Æsa Guðrúnardóttir áfram varamaður.

Skoðunarmenn reikninga

Victoria lætur af störfum og Sigrún Jónsdóttir býður sig fram í hennar stað. Elísabet Ásta heldur áfram – samþykkt samhljóða.

4. Félagsgjöld

Haldið óbreyttu (1.500 kr. á barn). Frekar stefnt að fjáraflanir ef stærri viðburðir koma upp og að halda félagsgjöldum í lágmarki.

5. Önnur mál

- Tillaga um að efla samstarf og skipta viðburðum Foreldrafélagsins á milli bekkja. Fá bekkjartengla til að hafa samband við foreldra og nemendur viðkomandi bekkja til að aðstoða og jafnvel sjá um ákveðnar stöðvar / þemu á jólaþemasíðdegi o.s.frv.
- Öryggismál á útisvæði grunnskólans rædd, ánægja með hugmyndir sem eru í vinnslu um að auka öryggi nemenda á útisvæði.

Fundi slitið kl. 20:45

Ásta Alda Árnadóttir

Harpa Elín Haraldsdóttir

Kolbrún Magga Matthíasdóttir

Margrét Lilja Sigurgeirsdóttir

Solveig Sigríður Gunnarsdóttir
